

Föstudaginn 25. marz 1938.

Nr. 13/1937. **Arreboe Clausen** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Sigursveini Egilssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bætur fyrir slit á vinnusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 12. febrúar f. á., fengið hefir gjafsókn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 900.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og ennfremur málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefndi hefir hinsvegar krafizt *ad allega*, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, *til vara*, að hann verði einungis dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 600.00, og málskostnaður fyrir hæstarétti verði látinn niður falla, *og til þrautavara*,

að hann verði einungis dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 700.00, og málskostnaðar fyrir hæstarétti verði látinn niður falla.

Máli sínu til framdráttar hefir áfrýjandi lagt fram hér í dómi bréf Verzlunarráðs Íslands, dags. 26. jan. f. á., þar sem lýst er yfir því álit Verzlunarráðsins, að afgreiðslumenn við veržlanir í Reykjavík — einnig þeir, sem starfa við afgreiðslu af „lager“ — eigi samkvæmt venju rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests, enda sé um að ræða óslitið starf um nokkurt skeið hjá viðkomandi fyrirtæki og hvorki ráðningartími né uppsagnarfrestur ákveðinn í starfssamningi. Sama skoðun er ennfremur höfð uppi í bréfi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, dags. 30. janúar f. á., sem áfrýjandi hefir einnig lagt hér fram. Af hálfu stefnds er það borið fyrir, að greind venjuregla gildi ekki í vinnusambandi því, sem hér skiptir máli, með því að áfrýjandi hafi einungis verið ráðinn um stundarsakir í frátöfum annars manns. En þótt svo kunni að hafa verið í öndverðu, þá verður þó að ætla samkvæmt skildrögum málsins, að vinnusamband aðiljanna hafi framlengzt um óákveðinn tíma, og kemur í því efni einkum til greina, að áfrýjandi vann hjá stefnda samfleytt í 7 mánuði, og að stefndi gaf áfrýjanda þann 18. marz 1936 skriflega yfirlýsingu, þar sem hann skýrir frá því, að sér hafi líkað starf áfrýjanda vel og látið hann hætta störfum hjá sér einungis vegna rýrnunar á veržluninni, sem orðið hafi af völdum innflutningshafta.

Þegar litið er til atriða þeirra, sem nú hafa talin verið, svo og þess, að miða verður uppsagnarfrestinn við mánaðamót, þá verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi átt heimtingu á 3ja mánaða uppsagnarfresti frá 1. marz 1936 að telja, og ber því að taka

kröfur hans til greina og dæma stefnda til að greiða honum 3ja mánaða kaup, eða kr. 900.00 með vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað í héraði, sem ákveðst kr. 120.00, og málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 198.30, en síðarnefnd fjárhæð skiptist þannig, að kr. 98.30 renni í ríkissjóð og kr. 100.00 til talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigursveinn Egilsson, greiði áfrýjanda, Arreboe Clausen, kr. 900.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og kr. 120.00 í málskostnað í héraði, en í málskostnað fyrir hæstarétti greiði stefndi kr. 198.30, og hljóti ríkissjóður þar af kr. 98.30, en talsmaður áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmaður Jón Ásbjörnsson, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. okt. 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 22. apríl 1936 af Arreboe Clausen, hér í bæ, gegn Sigursveini Egilssyni, Fjölnisvegi 3 hér í bænum, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 900.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst þess að verða aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 150.00, og að sér verði tildæmdur málskostnaður. Hvað málskostnaðinn snertir, krefst stefndur þess til vara, að hann verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að 1. ágúst 1935 réðst stefnandi til stefnds, sem verzlur með allskonar vörur tilheyrandi

bifreiðum. Vann stefnandi síðan hjá stefndum þangað til 1. marz 1936, að stefndur lét hann hætta störfum af þeirri ástæðu, að verzlun stefnds hafði rýrnað vegna innflutningshafta.

Hvert starf stefnanda hafi verið, eru aðilar ekki á einu máli um. Telur stefnandi sig hafa verið ráðinn sem skrifstofumann, enda hafi hann unnið töluvert á skrifstofu stefnds. Stefndur telur stefnanda eingöngu hafa verið ráðinn við afgreiðslustörf á lager sínum, og hafi hann eingöngu unnið þar, en ekki á skrifstofunni. Gegn þessari neitun verður ekki talið, að stefnanda hafi tekizt að sanna, að hann hafi unnið sem skrifstofumaður hjá stefndum, og verður því talið, að starf hans hafi verið venjulegt afgreiðslumannsstarf á lager stefnds.

Stefnandi telur, að hann hafi verið ráðinn til óákveðins tíma hjá stefndum, og þar eð stefndur hefir ekki sannað hið gagnstæða, verður þessi staðhæfing stefnanda lögð til grundvallar um ráðningartímann. Laun stefnanda voru kr. 300.00 á mánuði.

Stefnandi telur, að sér hafi eiginlega ekki verið sagt upp starfinu fyrr en 1. marz 1936, og hafi hann þá samtundis verið látinn hætta, og sér greidd laun aðeins til þess dags. Hann telur sig þó hafa átt kröfu til þriggja mánaða uppsagnarfrests frá 1. marz 1936 að telja, og eru dómkröfur hans í máli þessu byggðar á því.

Stefndur telur sig hinsvegar hafa sagt stefnanda upp um miðjan febrúar 1936 frá 1. marz s. á. að telja. Hafi hann því sagt stefnanda upp með hálfsmánaðar fyrirvara, enda hafi stefnandi þá ekkert haft við lengd uppsagnarfrestsins að athuga. Telur stefndur stefnanda í mesta lagi geta hafa átt kröfu á eins mánaðar uppsagnarfresti eða m. ö. o. til kaups til miðs marzmánaðar 1936. Honum hafi verið greitt til 1. marz 1936, og geti hann því í mesta lagi átt kröfu til hálfsmánaðar kaups, eða kr. 150.00, eins og hann sé fús til að greiða.

Rétturinn telur, að uppsagnarfrestinn beri að telja frá mánaðarmótum og skiptir því ekki máli hér ósamræmi það, sem er á skýrslum aðila um uppsagnardag.

Sá frestur, sem stefnandi kynni að eiga kröfu á, yrði að reiknast frá 1. marz 1936, enda þótt uppsögnin hefði farið fram nokkrum dögum fyrr, eins og stefndur telur.

Það verður að telja, að starf stefnanda hafi verið slíkt, að honum hafi borið uppsagnarfrestur. En þar sem ekki hefir verið upplýst af hálfu stefnanda, að þriggja mánaða uppsagnarfrestur sé venjulegur við slík störf sem hér um ræðir, þá verður rétturinn að telja uppsagnarfrestinn hæfilega ákveðinn einn mánuð frá 1. marz 1936 að telja.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigursveinn Egilsson, greiði stefnandanum, Arrebo Clausen, kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
